Vinnufatnaður starfsmanna

Almennar reglur um fatnað

Matvælastofnun leggur til fatnað starfsmanna þegar yfirmaður hefur metið þörf fyrir slíkt. Mikilvægt er að yfirmaður kanni hvort að fatnaður er til áður en pantaður er nýr.

Vinsamlegast athugið:

- Fatnaðurinn er í eigu Matvælastofnunar og er eingöngu heimilt að nota hann við vinnu.
- Yfirmaður getur gert þá kröfu að fatnaður sé geymdur á vinnustað.
- Starfsmenn skulu fara vel og samviskusamlega með vinnufatnað og hlífðarföt.

Yfirmaður skal sjá til þess við starfslok starfsmanns að hann skili öllum vinnu-, hlífðar- og einkennisfatnaði í samræmi við GAT-075.

Nýir starfsmenn

Yfirmaður metur þörf nýs starfsmanns fyrir vinnufatnað og sendir beiðni á móttökuritara í samræmi við GAT-002.

Beiðni um fatnað og úthlutun

Samhæfing og þjónusta hefur yfirumsjón með kaupum á vinnufatnaði. Sviðsstjóri/héraðsdýralæknir hefur yfirumsjón með vinnufatnaði starfsmanna á sínu sviði/umdæmisstofu í samráði við Samhæfingu og þjónustu (móttökuritari/verkefnastjóri).

- Starfsmaður sendir beiðni á mottaka@mast.is í samráði við sinn yfirmann um kaup á vinnufatnaði.
- Úthlutun vinnufatnaðar er eftir þörfum og mati yfirmanns.

Vinnufatnaður

Allir eftirlitsstarfsmenn fá eftir þörfum flíspeysu, úlpu/jakka, hlífðarbuxur.

Eftirlitsstarfsmenn umdæmisstofa (héraðsdýralæknir, eftirlitsdýralæknar, dýraeftirlitsfólk) fá að auki eftir þörfum þunna vinnugalla, kuldagalla og stígvél.

Allur fatnaður er merktur **Matvælastofnun** á vinstra brjósti og baki. Fatnaður héraðsdýralækna er merktur **Héraðsdýralæknir** og með skjaldarmerki á vinstri öxl (efst á ermi) ásamt hefðbundinni merkingu Matvælastofnunar.

- Úlpa – Kaldakvísl unisex frá Icewear.
- Jakki – Mía/Már frá Icewear.
- Hlífðarbuxur - Mía/Már frá Icewear.
- Flíspeysa – Bríet/Bjartur frá Icewear.
- Stígvél – Explorer/Angler frá Voot ehf.
- Þunnur vinnugalli – Fura frá 66°N.
- Kuldagalli – Greni frá 66°N.